

## ÁLYKTUN

Félagsfundur Dýralæknafélags Íslands, haldinn þann 21. nóvember 2009 í Reykjavík, lýsir yfir áhyggjum vegna áforma fjárfestingarstofu Útflutningsráðs Íslands um að kynna Ísland á erlendum vettvangi sem ákjósanlegan stað fyrir minkaeldi. Loðdýrarækt er umdeild búgrein og ræður þar mestu að erfitt er að búa loðdýrum gott umhverfi m.t.t. eðlisþarfa og dýravelferðar. Félagsfundur DÍ vekur athygli stjórnvalda á að í mörgum löndum Evrópu er uppi fagleg og ágeng umræða um hvort loðdýrarækt eigi yfir höfuð rétt á sér og dæmi eru um ríki sem hafa takmarkað eða bannað loðdýrarækt. Dýralæknafélag Íslands kallar eftir umræðu um málið að hálfu stjórnarráðs, Dýraverndarráðs, Matvælastofnunar, hagsmunasamtaka og áhugafólks um velferð dýra áður en að ákvörðun er tekin um að kynna Ísland erlendis sem ákjósanlegan stað fyrir loðdýrarækt. Í þessu sambandi er einnig minnt á mikilvægi þess að hraða endurskoðun á lögum um dýravernd.

Ályktunin verði send umhverfisráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, iðnaðarráðherra, fjárfestingarstofu Útflutningsráðs, Sambandi íslenskra loðdýrabænda, Dýraverndarráði, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og fjölmiðlum.